

Keflavík 21. desember 2018

Alþingi,  
b.t. umhverfis og samgöngunefndar,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Athugasemd við samgönguáætlun tímabilið 2019 - 2023.**

Ég undirritaður andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar, vegna þess að þar er verið að leggja nýja skatta ofan á háa skatta sem bíleigendur og umferð bera nú þegar. Vegtollar eru sagðir eiga að fara til aukinna vegaf framkvæmda. Núverandi skattar á bíleigendur eru aðeins notaðir að hluta í þeim tilgangi. Gjaldtaka er áformuð með gjaldhliðum og myndavéla tækni. Engin kostnaðaráætlun er lögð fram í tillögunni vegna gjaldhliðanna. Ef aðeins bensíngjaldinu sem lagt er á eldsneyti í dag yrði skilað í nýframkvæmdir í vegakerfin yrði það þjóðhagslega hagkvæmasta lausnin.

Það er óþarfi að kosta til rándýrra manvirkja til þess eins að innheimta vegatolla af þeim ökutækjum sem keyra á þeim leiðum sem teljast mega hagkvæmt að reisa gjaldhlið.

Auk þess er ég þeirrar skoðunar að ekki eigi einkavæða samneyslu / innviði eins og vegi og göng.

Kristinn Þór Jakobsson